



## 3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 10. feb. 1995.

**Mættir voru:** Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Kristján Auðunsson, Ágúst Oddsson. Guðbrandur Kjartansson boðaði veikindi. Þá mættu Þormar Ingimarsson og Sigurður Ævarsson frá Dómarafélaginu. Síðar mættu: Kristmundur Halldórsson og Halldór Gunnarsson.

### 1. Nefndir.

- a) Kristján skýrði frá því að skýrsla skipuritsnefndar hefði enn tafist um tíma, er væntanleg þriðjudaginn 14. febrúar. Stefnt að formannafundi 22. apríl 1995.
- b) Millipinganefnd um keppnisreglur hefur þegar haldið tvo fundi og stefna á að klára fyrir vorið.
- c) Mótanefnd. Gerð grein fyrir bréfi sem fjallar um Landsmót þingskj. 30. Umræður urðu um fjölgun landsmóta og fl.
- d) Þormar gerði grein fyrir hugmyndum Dómarafélagsins um dómara og skipulagsmál þeirra. Stefnt er að því að gefa út myndband og bækling sem kennsluefni og því næst að hafa samkeppnispróf um bestu dómara, sem væru þá fengnir til að dæma stórmót svo sem landsmót. Ljóst er að Dómarafélagið er að vinna ötullega að menntunarmálum dómara og ný stjórn tekur fast á málum. Fóru fram umræður um dómaramenntun, hvernig best væri að haga henni o.s.frv.
- e) Lyfjanefnd. Kristján gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og skýrði jafnframt frá nefndarstörfum viðvirkjandi nefnd á vegum umhverfisráðuneytis.
- f) Aðrar nefndir. Sig. Þórhallsson gerði grein fyrir þeim. Haldnir fundir fljótlega.
- g) Reiðvegamá. Sig. Þórhallsson hvatti til funda með samgöngunefnd um fjárveitingar til reiðvega. Urðu um þetta allnokkrar umræður. Greindi hann frá samtölum við þingmenn. Kristmundur semur bréf og menn skipta liði að tala við nefndarmenn. Ákveðið að sækja um 25 millj. kr. í allt.

**2. Agadómstóll L.H.**

Formaður kynnti málið og hafði undirbúið það m.a. með því að hafa fyrir fundinn rætt við aðila um að taka sæti í agadómstól L.H. Agadómstóll er skipaður þremur mönnum og er skipaður til eins árs í senn. Stjórnin tilnefnir nú Þór Sigþórsson og Birgi R. Gunnarsson. Formanni falið að finna þriðja manninn til starfa í agadómstólnum.

**3. Fræðslumál.**

Rædd samþykkt 45. ársþings L.H. en þar segir m.a. "Ársþingið felur stjórn L.H. að leita samstarfs við Hólaskóla um samantekt námsefnis í hestamennsku...". Stjórnin felur Sigurði Þ. að ræða þessi mál við skólastjóra Hólaskóla og jafnframt rita Námsgagnastofnun bréf þar sem fram kæmi ósk L.H. um hugsanlega útgáfu efnis í hestamennsku. Þessi mál verði gerð frekari skil á næsta fundi stjórnar, hvað varðar viðbrögð Hólaskóla og Námsgagnastofnunar.

**4. Æskulýðsmál , æskulýðsfulltrúi.**

Formaður skýrði frá fundi með fulltrúum HÍS um æskulýðsmál 1. febrúar s.l. Af hálfu L.H. sátu fundinn Guðmundur og Sigfús. Síðar komu á fundinn Elín Magnúsdóttir og Rosemarie Þorleifsdóttir. Rædd voru mál sem snúa að skipulagi æskulýðsmála á vegum L.H. á landsvísu. Hugmyndin er að L.H. ráði ekki á yfirstandandi ári æskulýðsfulltrúa á launum heima í héruðum í samstarfi við æskulýðsnefndina. Stjórnin telur jákvætt að reyna þessa breytingu á æskulýðsstarfinu nú á þessu ári. Þessi mál verða rædd frekar síðar í dag af sömu aðilum og áður voru nefndir.

**5. Breytingar á reglum.**

Sigurður Þ. lagði fram samantekt á breytingum sem samþykktar voru á 45. ársþingi L.H. Hann bað stjórnarmenn að lesa þessa samantekt yfir og gera skrifstofunni aðvart ef villur fyndust.

**6. Bréf fjárlaganefndar.**

Formaður las bréf fjárlaganefndar Alþingis dags. 11. janúar s.l. Í bréfinu segir m.a. "Fjárlaganefnd hefur úthlutað yður (L.H.) á fjárlögum 1995 kr. 1.000.000 af liðnum 02-988-190.

**7. Fundur með HÍS. Erlend samskipti.**

Guðmundur og Sigfús áttu fund með fulltrúum HÍS 1. febrúar s.l. (sami fundur og rædd voru æskulýðsmál). Rædd voru málefni L.H. og HÍS er varða samskipti við FEIF og erlend samskipti. Fyrirhugaður er annar fundur um þessi mál. Guðmundur og Sigfús munu mæta fyrir L.H. til þessara viðræðna við HÍS.

**8. Bréf frá lögreglunni.**

Formaður kynnti bréf frá lögreglunni um umferðarreglur hestamanna. Stjórnin telur þetta framtak lögreglunnar mjög jákvætt og er Sigurði Þ. falið að senda formönnum félaganna bréfið. Einnig birtist úrdráttur í hestablöðunum.

**9. Norðurlandaping - lokun skrifstofu L.H.**

Vegna þings Norðurlandaráðs verður skrifstofa L.H. lokuð dagana 27. febrúar til 3. mars. Ástæða þessa er sú að húsnæði skrifstofunnar verður notað í tengslum við þinghaldið. Einhverjar leigutekjur renna til L.H. vegna þessa.

**10. Stóðhestastöðin.**

Formaður kynnti bréf frá nefnd sem skipuð var af landbúnaðarráðherra 24. janúar s.l. Nefndinni er falið að gera tillögur um rekstur Stóðhestastöðvar ríkisins. Formaður hefur nú þegar svarað erindi frá nefndinni sem stjórninni var sent er varðar Stöðina.

**11. Önnur mál.**

Kristmundur hóf umræðu um starf og stöðu samtakanna þ.e. L.H. og störf og starfshætti stjórnarinnar. Hann kom víða við og taldi að margt mætti bæta í starfi L.H. og stjórnarinnar. Kristmundur taldi að stjórnin ætti nú sem allra fyrst að leggja vinnu í að endurskipuleggja starfshætti stjórnar og marka stefnu samtakanna í ákveðnum málaflokkum fyrir næsta þing og til lengri tíma litið. Stjórnarmenn tóku vel undir orð Kristmundar og er fyrirhugað að taka þessi mál upp hið allra fyrsta.

**12. Keppnisnefnd - keppnismál.**

Ágúst Oddsson gerði stuttlega grein fyrir starfi keppnisnefndar. Nokkur umræða varð um keppnisfyrirkomulag m.a. þátttökurétt stóðhesta í gæðingakeppni.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson  
Sígfús Guðmundsson  
Kristmundur Halldórsson

Kristján Auðunsson  
Ágúst Oddsson  
Guðmundur Jónsson.